



BYGGÐASTOFNUN

Samantekt um stöðu sauðfjárræktar



Byggðastofnun

Sigurður Árnason

Arnar Már Elíasson

Þorkell Stefánsson

Sigríður Elín Þórðardóttir

Maí 2022

ISBN 978-9935-518-09-5

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Landfræðileg dreifing sauðfjárbúa	4
Byggðafesta og búferlaflutningar	7
Þróun kynslóðaskipta og aldur bænda	17
Lánveitingar Byggðastofnunar	20
Landbúnaðarlán Byggðastofnunar	22
Þróun í afkomu sauðfjárbúa síðastliðin 5 ár	24
Horfur í þróun á afkomu á næstu 5 árum	26
Samantekt	27
Hugsanlegar mótvægisáðgerðir	30
Heimildaskrá:	32

Inngangur

Með tölvupósti þann 30. mars 2022 óskaði innviðaráðuneytið eftir að Byggðastofnun gerði samantekt um sauðfjárrækt út frá eftirtöldum atriðum:


- Dreifing sauðfjárbúa um landið út frá framleiðslumagni annarsvegar og fjölda bóa hins vegar
- Byggðafesta og búferlaflutningar
 - Byggðaáhrif sauðfjárræktar
- Þróun í kynslóðaskiptum síðastliðin 5 ár og meðalaldur bænda út frá stærð framleiðslueininga
 - Vænt kynslóðaskipti í sauðfjárrækt
- Lánveitingar Byggðastofnunar til sauðfjárræktar
- Þróun í afkomu sauðfjárbúa síðastliðin 5 ár
- Horfur í þróun á afkomu á næstu 5 árum í sauðfjárrækt, meðal annar með tilliti til hækkandi verðs á aðföngum.

Mikið er til af nýlegum gögnum um sauðfjárrækt á Íslandi. Má þar t.d. nefna greiningar á rekstri og skýrsluhaldi sem unnar hafa verið af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og rit Landbúnaðarháskóla Íslands um afkomu sauðfjárbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana. Kallað var eftir gögnum frá matvælaráðuneytinu um ásetning árána 2017 og 2021 og er unnið út frá þeim gögnum í tölum um fjölda sauðfjár og þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum árum. Út frá byggðalegu sjónarmiði var unnið með gögn sem Byggðastofnun hefur gefið út eins og t.d. skýrslur og gögn úr rannsóknarverkefninu *Byggðafesta og búferlaflutningar: Sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020*¹ auk gagna um lánastarfsemi stofnunarinnar sem tengist sauðfjárrækt. Varðandi tölur um afkomu í sauðfjárrækt á undanförunum árum er byggt á upplýsingum úr afkomuvöktun Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (RML).

¹ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-sveitir_og_strjalbyli.pdf


Landfræðileg dreifing sauðfjábúa

Sauðfjarrækt á Íslandi er dreifð um allt land eins og sjá má á myndum 1 hér að neðan sem sýna dreifingu sauðfjábúa í árslok 1981 t.v. og dreifingu sauðfjábúa í árslok 2020 t.h. Úr myndunum má lesa að þéttleiki sauðfjábúa hefur minnkað mjög mikið á þessu tímabili.



Mynd 1. Dreifing sauðfjábúa á Íslandi í árslok 1981 (t.v.) og í árslok 2020 (t.h.)²


Mynd 2 sýnir dreifingu sauðfjár á Íslandi eftir landshlutum. Langflest fé er á Norðurlandi vestra, ríflega 102 þúsund fjár sem skiptist nokkuð jafnt á milli Húnaþings vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðar. Á Suðurlandi eru 76 þúsund, þar af um 22 þúsund í Rangárvallasýslu og um 20 þúsund í Árnessýslu og 17 þúsund í Vestur-Skaftafellssýslu. Á Vesturlandi eru tæplega 66 þúsund fjár, ríflega helmingur í Borgarfirði og ríflega þriðjungur í Döllum. Á Norðurlandi eystra eru tæplega 63 þúsund fjár en 2/3 þess er í Þingeyjarsýslum.




Mynd 2. Dreifing sauðfjár á Íslandi í árslok 2021 eftir landshlutum

² Matvælaráðuneyti, kortasjá Landbúnaðarins.

Á Austurlandi eru 47 þúsund fjár og meginhluti þess í Múlaþingi og Fljótsdalshreppi. Á Vestfjörðum eru 30 þúsund fjár en ríflega helmingur þess er í Reykhólahreppi og á Ströndum.³ Dreifingu eftir svæðum má skoða nánar í mynd 3.



Mynd 3. Fjöldi sauðfjár á Íslandi í árslok 2021 eftir svæðum




Mynd 4. Fjöldi sauðfjár á búum með 301-600 og 600+ fjár eftir svæðum

Til að meta mikilvægi sauðfjárræktarinnar á einstökum svæðum þarf einnig að horfa til stærðar búa. Um ríflega þriðjungur sauðfjár er hjá aðilum sem eru með 300 fjár eða færri en um er að ræða 1531 aðila. Samtals er 46% sauðfjárins á 435 búum með 301-600 fjár. Á 98 stærstu búunum sem eru með meira en 601 fjár eru samtals 19% fjár á landinu. Í venjulegu

³ Matvælaráðuneyti, gögn um ásetning haustin 2017 og 2021, móttækin í maí 2022.

árferði mætti gera ráð fyrir að bú með yfir 300 fjár myndu skila einhverri afkomu og eru þau því skoðuð sérstaklega í þessari samantekt, þó að ekkert sé klippt og skorið í þeim efnum.

Ef eingöngu er horft til búa sem eru með yfir 300 fjár eftir svæðum kemur í ljós að Borgarfjörður, Dalir, Húnavatnssýslur, Skagafjörður og svæðið Múlaþing og Fljótshreppur skera sig nokkuð úr hvað varðar fjölda fjár á stærri búum. Samanlagðar Þingeyjarsýslur myndu einnig vera ofarlega á blaði, en þeim er hér skipt í þrennt. Þá verður að taka tillit til fámennari svæða eins og Vestur-Skaftafellssýslu, sérstaklega Skaftárhrepps, Stranda og Reykhólahrepps þar sem sauðfjárrækt er mikilvæg.



Mynd 5. Fjöldi sauðfjárbúa með 301-600 og 600+ fjár eftir svæðum

Samtals eru 533 bú á Íslandi með fleira en 300 fjár. Ein leið til að meta mikilvægi sauðfjárræktar á einstökum svæðum er að horfa til fjölda búa með fleira en 300 fjár á hverja 100 íbúa á viðkomandi svæði. Miðað við þá aðferðafræði er sauðfjárræktin hlutfallslega mikilvægust á eftirfarandi svæðum:

Tafla 1. Fjöldi sauðfjárbúa (300 fjár eða stærri) á hverja 100 íbúa

- Dalabyggð 5,3
- Reykhólahreppur 5,2
- Húnaþing vestra 4,4
- Strandir 3,5
- Langanesbyggð og Svalbarðshreppur 3,0
- Austur-Húnavatnssýsla 2,9
- Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur 1,8

Byggðafesta og búferlaflutningar

Í rannsókninni *Byggðafesta og búferlaflutningar. Sveitir og annað strjálbýli vorið 2020*.⁴ var lögð áhersla á að kanna eftirfarandi þætti: Búsetusögu, byggðafestu og búsetufyrirætlanir íbúa strjálbýlis og áhrif atvinnu, menntunar, þjónustu og félagslegra tengsla á búsetufyrirætlanir fólks í sveitum landsins. Hér á eftir verða svör þriggja hópa svarenda í könnuninni borin saman, sauðfjorbænda, annarra bænda og þeirra sem ekki eru bændur.


Fyrir þessa greiningu var svarendum skipt í hópa, fyrst út frá því hvort þeir sögðust vera bændur eða ekki, og síðan var bændahópnum skipt eftir því hvort þeir merktu við að sauðfjarrækt væri stunduð á jörðinni eða ekki. Í hópi sauðfjorbænda eru því bændur sem einnig eru í öðrum landbúnaði og sauðfjarrækt ekki endilega ríkjandi í þeirra rekstri. Með þessari skiptingu var fjöldi sauðfjorbænda 633 (45%), annarra bænda 273 (19%) og þeirra sem ekki eru bændur 512 (36%), alls 1.418 svarendur.

Á myndum eru hlutföll hópanna þriggja sýnd en til þess að greina hvort munur sé milli hópa eru meðaltöl svara þeirra borin saman með ANOVA prófi.⁵ Auk samanburðarins á milli hópanna þriggja eru meðaltöl sauðfjorbænda greind eftir svæðum en svæðaskiptingin miðar við að a.m.k. 25 sauðfjorbændur svari hverri spurningu á hverju svæði.

Meðal þess sem spurt var um í könnuninni var hver fjárhagsstaða heimilis svarenda væri. Þegar svör eru greind eftir hópum kemur í ljós að fjárhagsstaða á heimilum sauðfjorbænda er almennt lakari en annarra íbúa strjálbýlis, bæði annarra bænda og þeirra sem ekki eru bændur. Um 14% sauðfjorbænda segja fjárhagsstöðu heimilis síns frekar eða mjög slæma, en hlutfallið er talsvert lægra meðal annarra bænda (5%) og þeirra sem ekki eru bændur (6%). Marktækur munur ($F=18,846$; $p<0,001$) er á meðaltali sauðfjorbænda (3,43) annars vegar og hins vegar annarra bænda (3,72) og þeirra sem ekki eru bændur (3,74).


⁴ Þorkell Stefánsson, Alfa Dröfn Jóhannesdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Þóroddur Bjarnason. (2021). *Byggðafesta og búferlaflutningar: Sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020*.

⁵ ANOVA (analysis of variance) er dreifigreining sem byggir á líkani á áhrifum einnar frumbreytu á fylgibreytu.



Mynd 6. Fjárhagsstaða heimilisins.


Séu meðaltöl sauðfjorbænda borin saman milli svæða kemur í ljós að sauðfjorbændur á Vestfjörðum hafa lægsta meðaltal hvað varðar fjárhagsstöðu heimilisins (3,0), þar næst koma sauðfjorbændur á norðanverðu Vesturlandi (3,2) og í Húnavatnssýslum (3,2). Hæsta meðaltal sauðfjorbænda úr spurningunni um fjárhagsstöðu heimilisins er í Rangárvallasýslu (3,8) og þar næst í Árnessýslu (3,7). Munurinn milli svæða er marktækur ($F=2,417$; $p=0,006$).



Mynd 7. Fjárhagsstaða sauðfjorbænda eftir svæðum (meðaltöl).


Flestir íbúar strjálbýlis eru frekar eða mjög ánægðir með búsetu sína þar. Um 11% sauðfjorbænda segjast mjög óánægðir með búsetu sína í strjálbýlinu og er það hlutfall herra

en meðal annarra bænda (8%) og þeirra sem ekki eru bændur (7%). Þó er ekki marktækur munur ($F=0,479$; $p=0,620$) á meðaltölum hópanna þriggja hvað varðar búsetuánægju.




Mynd 8. Ánægja með að búa í sveit eða strjálbýli.

Ekki er heldur marktækur munur á búsetuánægju sauðfjorbænda eftir svæðum ($F=0,837$; $p=0,603$). Meðaltal sauðfjorbænda á Vestfjörðum er lægst en hæsta meðaltalið er á norðanverðu Vesturlandi og í Rangárvallasýslu.




Mynd 9. Ánægja sauðfjorbænda með að búa í sveit eða strjálbýli eftir svæðum (meðaltöl).

Þó ekki sé marktækur munur á búsetuánægju hópanna þriggja hafa þeir mismunandi tilfinningu fyrir því hvort lífsskilyrði hafi almennt batnað eða versnað í sveitinni á síðustu árum. Um 36% sauðfjárbænda segja að lífsskilyrði í sveitinni hafi versnað nokkuð eða mikið síðustu ár á meðan 19% annarra bænda og 22% þeirra sem ekki eru bændur segja svo vera. Meðaltal sauðfjárbænda úr þessari spurningu (2,96) er mun lægra en annarra bænda (3,39) og þeirra sem ekki eru bændur (3,33) og munurinn er marktækur ($F=20,335$; $p<0,001$).




Mynd 10. Breyting á lífsskilyrðum í sveitinni síðustu ár.



Mynd 11. Breyting á lífsskilyrðum í sveitinni síðustu ár eftir svæðum (meðaltöl).


Marktækur munur er eftir svæðum hvað varðar breytingu á lífsskilyrðum síðustu ár ($F=5,937$; $p<0,001$). Sauðfjárþændur sem búa á Vestfjörðum (2,4), í Norður-Þingeyjarsýslu (2,5) og í Húnavatnssýslum (2,5) telja helst að lífsskilyrði hafi versnað á síðustu árum á meðan sauðfjárþændur í Árnessýslu (3,5) og Rangárvallasýslu (3,4) eru líklegastir til að segja þau hafa batnað.

Það sama má segja um viðhorf til þess hvort lífsskilyrði muni batna eða versna á næstu árum. Um 30% sauðfjárþænda telja að lífsskilyrði í sveitinni muni versna nokkuð eða mikið á næstu árum en aðeins 17% annarra þænda og 20% þeirra sem ekki eru þændur. Meðaltal sauðfjárþænda (3,00) úr þeirri spurningu er lægra en annarra þænda (3,31) og þeirra sem ekki eru þændur (3,23) og er munurinn marktækur ($F=12,337$; $p<0,001$).




Mynd 12. Breyting á lífsskilyrðum í sveitinni á næstu árum.

Marktækur munur er einnig eftir svæðum hvað varðar breytingu á lífsskilyrðum á næstu árum ($F=2,434$; $p=0,006$). Lægstu meðaltölin hvað þetta varðar eru meðal sauðfjárþænda á Vestfjörðum (2,6) og í Norður-Þingeyjarsýslu (2,7) en hæst í Árnessýslu og Rangárvallasýslu (3,3).




Mynd 13. Breyting á lífsskilyrðum í sveitinni á næstu árum eftir svæðum (meðaltöl).

Þrátt fyrir verri fjárhagsstöðu og versnandi lífsskilyrði eru sauðfjárþændur ekki líklegri en hinir hóparnir til að flytja burt úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni samkvæmt könnuninni. Hlutfall sauðfjárþænda sem segir frekar eða mjög líklegt að þeir flytji úr sveitinni er um 17%, en milli 19 og 20% hjá öðrum þændum og þeim sem ekki eru þændur. Munur milli meðaltals sauðfjárþænda (2,10) og þeirra sem eru ekki þændur (2,31) er marktækur, en þó að aðrir þændur hafi nokkuð lægra meðaltal (2,23) en sauðfjárþændur er munurinn milli þændahópanna ekki marktækur ($F=3,439$; $p=0,029$).




Mynd 14. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt í framtíðinni.

Marktækur munur ($F=2,879$; $p<0,001$) er eftir svæðum hvað varðar líkur á því að flytja úr sveitinni fyrir fullt og allt í framtíðinni. Vestfirskir sauðfjárbændur (2,9) eru líklegastir til þess að sjá fyrir sér búferlaflutninga úr sveitinni en þar næst sauðfjárbændur á norðanverðu Vesturlandi (2,6). Ólíklegastir til að flytja eru sauðfjárbændur í Skaftafellssýslum (1,7), í Suður-Pingeyjarsýslu (1,7), í Árnassýslu (1,8) og í Norður-Pingeyjarsýslu (1,8).




Mynd 15. Líkur á að flytja á brott fyrir fullt og allt í framtíðinni eftir svæðum (meðaltöl).

Til þess að greina frekar hóp þeirra sem eru líklegastir til þess að flytja úr strjálbýlinu á næstunni var spurt hvort íbúar ætli að flytja úr sveitinni á næstu tveimur til þremur árum. Hlutfall þeirra sem ætla líklega eða örugglega að flytja á næstu tveimur til þremur árum er lægra meðal bænda (um 5%) heldur en meðal þeirra sem ekki eru bændur (11%). Munurinn á meðaltölum bænda, bæði sauðfjárbænda og annarra, og þeirra sem ekki eru bændur er marktækur hvað þetta varðar ($F= 20,586$; $p<0,001$).



Mynd 16. Áform um búferlafutninga á næstu 2-3 árum.


Ekki er marktækur munur ($F=1,674$; $p=0,076$) milli svæða hvað varðar áform um að flytja úr sveitinni á næstu tveimur til þremur árum. Hæsta meðaltalið er hjá vestfirskum sauðfjorbændum (2,0) en lægst hjá sauðfjorbændum í Árnessýslu og Suður-Þingeyjarsýslu (1,3).



Mynd 17. Áform um búferlafutninga á næstu 2-3 árum eftir svæðum (meðaltöl).


Þeir sem segjast líklega eða örugglega ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum voru spurðir nánar út í hvaða þættir skiptu máli fyrir áætlanir þeirra um að flytja úr strjálbýlinu. Vegna samræmis í svörum bænda og lítils fjölda þeirra í hópi svarenda sem ætla að flytja (40) eru svör sauðfjorbænda og annarra bænda sameinuð í myndinni hér á eftir.

Af þeim bændum sem ætla að flytja úr sveitinni á næstu tveimur til þremur árum nefna flestir að nálægð við börn eða stjúpbörn hafi mikið að segja um það. Yfir 30% bænda sem ætla að flytja nefna einnig ófullnægjandi stuðning við landbúnað, dýrt, óöruggt eða ófullnægjandi rafmagn, atvinnutækifæri sín og nálægð við barnabörn sem mikilvægar ástæður. Þeir sem ekki eru bændur nefna hins vegar helst atvinnutækifæri sín, aðgengi að menningu og afþreyingu og tækifæri sín til menntunar sem mikilvægar ástæður.




Mynd 18. Ástæður sem hafa mikil áhrif á áform um að flytja á brott á næstu 2-3 árum.

Bændur voru jafnframt spurðir að því hversu líklegt þeir telji að börn þeirra eða aðrir í fjölskyldunni taki við jörðinni þegar þeir hættu búskap. Um 36% sauðfjárbænda telja frekar líklegt, mjög líklegt eða öruggt að ættingjar taki við jörðinni en um 32% annarra bænda. Munur á meðaltali hópanna tveggja er marktækur ($F=4,821$; $p=0,028$).



Mynd 19. Líkur á að börn eða ættingjar taki við jörðinni.

Marktækur munur er milli svæða hvað varðar líkur á að ættingjar taki við jörðinni ($F=2,474$; $p=0,005$). Sauðfjörbændur sem búa í Árnessýslu (4,6), Rangárvallasýslu (4,3) og Skagafirði (4,3) telja líklegast að börn eða ættingjar taki við jörðinni þegar þeir hætta búskap en vestfirskir sauðfjörbændur (3,0) telja það ólíklegast.



Mynd 20. Líkur á að börn eða ættingjar taki við jörðinni eftir svæðum (meðaltöl).

Þróun kynslóðaskipta og aldur bænda

Kynslóðaskipti í sauðfjárrækt síðustu fimm árin hafa verið afar takmörkuð. Við greiningu fundust sautján tilfelli þar sem um klár kynslóðaskipti er að ræða á búum með fleiri en 300 fjár yfir þetta tímabil. Mögulega eru þau eitthvað fleiri þar sem að keypt hafa verið félög á fyrirtækjakennitölu. Til að setja þessa tölu í samhengi voru 538 bú með meira en 300 fjár árið 2017. Það ár voru 2.234 aðilar skráðir með sauðfé en árið 2021 voru þeir 2.064 og hafði því fækkað um 170. Nær öll þessi fækkun hafði orðið hjá þeim aðilum sem voru með færri en 300 fjár. Helmingur þeirra búa voru á Suðurlandi en 10-12 bú í Borgarfirði, norðanverðum Vestfjörðum og Eyjafirði.

Á hinn bóginn er athyglisvert að búum með fleiri en 600 fjár fækkaði um 22 á tímabilinu en búum með 301-600 fjár fjölgaði á sama tíma um 17. Af stærstu búunum fækkaði mest í Austur-Húnavatnssýslu, um níu, en að sama skapi fjölgaði búum með 301-600 fjár um átta. Mest fækkaði hins vegar í Skagafirði ef horft er til búa með yfir 300 fjár, um níu, en það má að hluta rekja til niðurskurðar vegna riðu. Af öðrum svæðum má nefna að í Húnaþingi vestra fjölgaði búum með yfir 300 fjár um sjö og að það fækkaði um fimm bú í Austur-Skaftafellssýslu af sömu stærð.

Á undanförunum árum hefur sauðfé í landinu fækkað um 30 þúsund og hlutur búa með á bilinu 301-600 fjár hefur aukist úr 42% í 46% á meðan hlutur minni og stærri búa hefur minnkað.

Í janúar sl. greindi Byggðastofnun gögn⁶ um sauðfjáreign með tilliti til aldurssamsetningar bænda, stærðar búa og eftir svæðum. Tekin voru fyrir þau bú þar sem ásett sauðfé haustið 2021 var 300 eða fleira en þeim búum sem eru með færri fé var sleppt í greiningunni. Þar sem bú voru ekki rekin á einstaklingskennitölu var eignarhald greint út frá gögnum í fyrirtækjaskrá. Samtals voru skoðuð 527 sauðfjárbú. Ríflega þriðjungur ábúenda á þeim var sextugur eða eldri og með um þriðjung þess fjár sem er á búum af umræddri stærð, sjá töflur 2 og 3.

⁶ Sigurður Árnason. (2022). Samantekt um mögulega nýliðun í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu.


Tafla 2. Fjöldi búa eftir aldursdreifingu ábúenda.

	70+	60-69 ára	50-59 ára	40-49 ára	30-39 ára	29 ára og yngri	2 kynslóðir og aðrir	Samtals
300-400	33	66	44	33	14	6	6	202
401-500	12	35	38	21	18	5	5	134
501-600	6	19	28	25	7	7	3	95
601-700	3	10	20	5	9		1	48
700+	2	8	17	10	7	2	2	48
Alls	56	138	147	94	55	20	17	527
Hlutfall	11%	26%	28%	18%	10%	4%	3%	100%

Tafla 3. Fjöldi fjár eftir aldursdreifingu ábúenda.

	70+	60-69 ára	50-59 ára	40-49 ára	30-39 ára	29 ára og yngri	2 kynslóðir og aðrir	Samtals
300-400	11.273	22.719	15.220	11.536	4.846	2.108	2.144	69.846
401-500	5.077	15.625	17.098	9.176	7.913	2.293	2.246	59.428
501-600	3.269	10.055	15.370	13.934	3.906	3.745	1.624	51.903
601-700	1.953	6.343	13.126	3.236	5.806		633	31.097
700+	1.668	6.801	14.772	9.407	6.001	1.539	1.548	41.736
Alls	23.240	61.543	75.586	47.289	28.472	9.685	8.195	254.010
Hlutfall	9%	24%	30%	19%	11%	4%	3%	100%

Í forsendum fyrir nálgun á því hversu margir ábúendur eru líklegir til að bregða búi á næstum árum og með hvað margt fé er í útreikningi gert ráð fyrir a) öllum búum þar sem ábúendur eru eldri en sjötugt og b) 2/3 þeirra ábúenda sem eru á sjötugsaldri muni á næstu árum bregða búi sökum aldurs. Samtals er um að ræða tæplega 150 ábúendur með um 64 þús. fjár sem samkvæmt þessari nálgun teljast líklegir til að bregða búi.



Mynd 21. Aldursdreifing sauðfjærbænda eftir svæðum með fleira en 300 fjár.

Vegna núverandi rekstrarskilyrða í sauðfjárrækt er mikil óvissa um hvort rekstri þessara sauðfjárbúa verði haldið áfram og þá hversu margra þeirra. Á mynd 21 má sjá skiptingu sauðfjárbúa eftir landssvæðum og aldri ábúenda á áðurnefndum búum. Flestir ábúendur eru 60 ára og eldri í Þingeyjarsýslum og á Mið-Austurlandi. Tiltölulega hátt hlutfall er einnig í Skagafirði og á svæðinu sem inniheldur Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð.

Lánveitingar Byggðastofnunar


Lánaflokkar Byggðastofnunar⁷ eru nú sex talsins sem er mikil breyting á fyrirkomulagi lánveitinga frá árum áður þegar engir sérstakir lánaflokkar voru til staðar heldur sóttu öll verkefni fjármögnun úr sama lánaflokknum. Stjórnendum fannst vanta sérhæfðari útfærslur í útlánastarfseminni eftir landsvæðum en þó aðallega þeim atvinnugreinum sem eru mikilvægar í að tryggja byggð um allt land. Var því hafin sú vegferð árið 2013 að setja á laggirnar sérhæfða lánaflokka. Voru þannig fyrst kynnt til sögunnar svokölluð Landbúnaðarlán sem ætlað var að styðja við kynslóðaskipti í landbúnaði, enda bújarðir oft dýrar fjárfestingar fyrir ungt fólk og lánsvilji bankanna misjafn eftir landsvæðum og tímabilum. Fljótlega kom í ljós að eftirspurn í sveitum landsins eftir lánsfjármagni var einnig töluverð hjá öðrum bændum í rekstri og var lánaflokkurinn því útvíkkaður og nær einnig til hverskonar endurbóta eða uppbygginga á búum í rekstri.

Í kjölfar þessa var settur á laggirnar sérstakur lánaflokkur til stuðnings atvinnurekstri kvenna til þess að bregðast við mjög svo skökku kynjahlutfalli í lánasafni stofnunarinnar, en langflestir lántakendur voru þá karlmenn. Ástæða þótti til að bregðast við þessu með einhverjum hætti og var leitast við að sérsníða lánaflokkinn þannig að eftirspurn kvenna í lánsfé væri mætt, meðal annars með því að veita lán upp að ákveðinni upphæð án nokkurra trygginga. Árið 2018 fóru svo í loftið Nýsköpunarlán til þess að bregðast við takmörkuðu aðgengi frumkvöðla í landsbyggðunum að lánsfé. Flokkurinn bar takmarkaða tryggingakröfu auk þess að heimila víða endurgreiðsluskilmála. Stofnunin ákvað árið 2019 að bæta við fjórða lánaflokknum í samræmi við mikla áherslu hins opinbera í umhverfismálum þegar Grænum lánnum var ýtt úr vör. Var þeim ætlað að vera hagkvæmur kostur fyrir hverskonar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti stuðlar að umhverfisvernd. Nýjasta viðbótin í lánaflokka Byggðastofnunar eru lán til fiskvinnslu eða útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum.

Þessar breytingar á útlánastarfsemi stofnunarinnar hefur gert það að verkum að lánasafnið hefur stækkað ört með aukinni eftirspurn. Heildarstaða lánasafns Byggðastofnunar í lok árs 2021 var rúmir 20 ma.kr. að kröfuvirði (tæpir 19 ma.kr. að bókfærðu virði) og hefur það aldrei verið stærra frá upphafi. Til samanburðar var lánasafn Byggðastofnunar að bókfærðu virði 10,5 ma.kr. í árslok 2017, 12,1 ma.kr. árið 2018, 13,9

⁷ Arnar Már Elíasson. (2022). Gögn um lánastarfsemi Byggðastofnunar.

ma.kr. árið 2019 og 16,8 ma.kr. í árslok 2020. Útlán til landbúnaðar og ferðaþjónustu vega langþingst í lánasafni stofnunarinnar, þar af eru útlán til landbúnaðar nú tæpir 8,6 ma.kr. Lánaflokkar eru því orðnir sex talsins og framboð stofnunarinnar í lánveitingum fjölbreytt og sniðið að þörfum landsbyggðanna.



Mynd 22. Þróun lánasafns Byggðastofnunar.

Árið 2020 gerði stofnunin samkomulag við European Investment Fund um aðild að svokölluðu COSME ábyrgðakerfi. Þessi sjóður er í eigu Evrópubankans og Evrópusambandsins og á Ísland aðild í gegnum EES samninginn, en tilgangur með ábyrgðakerfinu er að gera samningsaðilum mögulegt að veita lán í verkefni sem með einhverjum hætti eru á jaðrinum og ekki mætt af einkaaðilum í samkeppnisumhverfi. Í kjölfar þessa var landbúnaðarlánaflokkurinn uppfærður þannig að lánveiting vegna kynslóðaskipta í landbúnaði getur numið allt að 90% af markaðsvirði bújarða. Þetta er töluverð breyting frá hefðbundinni 75% hámarks veðsetningu. Sama 90% veðsetningarhlutfalli var komið fyrir í Grænum lánum til að stuðla enn frekar að umhverfisvernd um landið allt auk þess sem að settur var á laggirnar nýr lánaflokkur til stuðnings fiskvinnslu og útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum eins og áður sagði sem einnig leyfði hærri veðsetningahlutföll. Þessar breytingar og viðbætur voru gerðar með það fyrir augum að auðvelda aðgengi að fjármagni á viðkvæmstu stöðunum til þess að viðhalda byggð í landinu. Ábyrgðakerfið tekur helming taps stofnunarinnar af lánveitingum innan kerfisins sem lækkar væntar afskriftir og gerir stofnuninni kleift að veita áhættusamari lán en ella. Þessum breytingum var vel tekið og

uppfærðir lánaflokkar eftirsóttir víða um land eins og lesa má úr stækkun lánasafnsins í mynd 22.

Landbúnaðarlán Byggðastofnunar


Eins og að framan greinir hóf stofnunin að veita sérstök landbúnaðarlán árið 2013 til þess að mæta mikilli eftirspurn úr röðum ungra bænda í lánsfé frá stofnuninni til kaupa á bújörðum. Lánin voru sérstök á þann hátt að heimilt var að greiða af þeim eingöngu vexti fyrstu þrjú árin, á meðan ungir bændur eru að ná tökum á rekstrinum. Lánin urðu strax eftirsótt en fljótlega kom í ljós mikil eftirspurn frá öðrum bændum til endurbóta eða uppbygginga á búum sínum í rekstri. Sér í lagi myndaðist mikil eftirspurn í kjölfar hertrar reglugerðar um aðbúnað mjólkurkúa vegna uppbygginga lausagöngufjósa en auk þess sóttu bændur úr öllum greinum landbúnaðar í þessi nýju lán frá stofnuninni. Er nú svo komið, að landbúnaðarlán eru 9 ma.kr. af 20,6 ma.kr. lánasafni Byggðastofnunar eða 44% af heildarútlánnum. Þar af eru lán vegna sauðfjárræktar rúmir 1,8 ma.kr.

Tafla 4. Lánveitingar Byggðastofnunar 31.3.2022 eftir atvinnugreinum.

Allar fjárhæðir í þús.kr.	Staða		Breyting frá 31.12.2021		Vanskil		Breyting frá 31.12.2021		Varasjóður		Breyting frá 31.12.2021	
		%		%		%		%		%		%
Ferðabjónusta												
Ferðabjónusta - gisting	4.106.140	19,9%	90.174	2,2%	23.667	0,1%	-40.907	-0,1%	263.966	1,3%	7.041	0,0%
Ferðabjónusta - annað	850.820	4,1%	11.221	1,3%	18.976	0,1%	-356	-0,0%	84.955	0,4%	495	0,0%
	4.956.960	24,0%	101.395	2,1%	42.643	0,2%	-41.263	-0,1%	348.921	1,7%	7.537	0,0%
Iðnaður												
Iðnaður	1.274.009	6,2%	69.329	5,4%	21.463	0,1%	17.618	0,1%	118.062	0,6%	1.717	0,0%
	1.274.009	6,2%	69.329	5,4%	21.463	0,1%	17.618	0,1%	118.062	0,6%	1.717	0,0%
Landbúnaður												
Landbúnaður - mjólkurframlei.	4.950.476	24,0%	275.926	5,6%	6.415	0,0%	-6.850	-0,0%	255.041	1,2%	1.870	0,0%
Landbúnaður - sauðfjárbúskap	1.829.181	8,9%	104.566	5,7%	4.793	0,0%	-4.987	-0,0%	147.320	0,7%	10.016	0,0%
Landbúnaður - loðdýrrækt	139.872	0,7%	-5.326	-3,8%	5.799	0,0%	406	0,0%	46.154	0,2%	-1.738	-0,0%
Landbúnaður - annað	2.080.368	10,1%	-2.848	-0,1%	14.491	0,1%	-6.151	-0,0%	143.647	0,7%	635	0,0%
	8.999.897	43,6%	372.319	4,1%	31.499	0,2%	-17.582	-0,1%	592.163	2,9%	10.782	0,0%
Sjávarútvegur												
Sjávarútvegur - útgerð	844.915	4,1%	-984	-0,0%	1.039	0,0%	-12.717	-0,1%	40.362	0,2%	194	0,0%
Sjávarútvegur - vinnsla	1.016.933	4,9%	-13.154	-1,3%	3.883	0,0%	2.667	0,0%	139.058	0,7%	-1.162	-0,0%
Sjávarútvegur - rækjuvinnsla	329.928	1,6%	-14.497	-4,4%	6.246	0,0%	6.246	0,0%	32.488	0,2%	-1.082	-0,0%
	2.191.776	10,6%	-28.635	-1,3%	11.168	0,1%	-3.804	-0,1%	211.908	1,0%	-2.050	-0,0%
Fiskeldi												
Fiskeldi á landi	416.887	2,0%	-10.583	-2,5%	0	0,0%	0	0,0%	18.365	0,1%	-321	-0,0%
Fiskeldi á sjó	30.396	0,1%	-1.792	-5,9%	2.442	0,0%	193	0,0%	4.427	0,0%	-170	-0,0%
	447.283	2,2%	-12.374	-2,8%	2.442	0,0%	193	0,0%	22.792	0,1%	-491	-0,0%
Önnur starfsemi												
Fasteignarekstur	953.460	4,6%	-18.673	-2,0%	2.033	0,0%	-2.535	-0,0%	47.955	0,2%	-2.382	-0,0%
Verslun og þjónusta	887.577	4,3%	75.297	8,5%	17.571	0,1%	5.990	0,0%	78.325	0,4%	1.333	0,0%
Virkjanir og veitur	206.726	1,0%	2.486	1,2%	850	0,0%	850	0,0%	11.748	0,1%	125	0,0%
Annað	719.039	3,5%	-16.995	-2,3%	3.697	0,0%	971	0,0%	52.178	0,3%	218	0,0%
	2.766.803	13,4%	42.115	1,5%	24.151	0,1%	5.275	0,0%	190.206	0,9%	-707	-0,0%
	20.636.728	100,0%	544.148	2,6%	133.365	0,6%	-39.563	-0,1%	1.484.053	7,2%	16.788	0,0%

Með tilkomu ofangreinds samkomulags við EIF um ábyrgðakerfi COSME voru lánaflokkar Byggðastofnunar endurskoðaðir og útvíkkaðir með það fyrir augum að styrkja enn

frekar lánamöguleika í dreifðari byggðum. Sér í lagi þótti eftirsóknarvert að mæta þeirri uppsöfnuðu þörf sem myndast hafði í kynslóðaskiptum í landbúnaði. Bújarðir geta verið dýrar fjárfestingar og ungir bændur eiga oft en ekki erfitt með að mæta þeirri hefðbundnu 25% eiginfjárkröfu sem fjármögnun kaupa á slíkum eignum hefur fylgt á fjármagnsmarkaði. Þannig þurftu ungir bændur að eiga 25 m.kr. eigið fé til kaupa á 100 m.kr. búi. Þessu reyndu bændur oft að mæta með seljendalánnum sem gerðu það að verkum að seljendur áttu sjálfir í erfiðleikum með að finna sér nýja búsetukosti eftir sölu á jörðum sínum. Til þess að mæta þessu voru landbúnaðarlánin útvíkkuð enn frekar árið 2020 og heimila nú allt að 90% veðsetningu ungra bænda vegna kaupa á bújörðum, sem breytir eiginfjárkröfu þeirra úr dæminu hér að ofan úr 25 m.kr. í 10 m.kr. Þessi lán urðu strax eftirsótt og hafði stofnunin veitt 39 slík lán í apríl 2022 að upphæð 2,9 ma.kr., þar af 20 lánveitingar vegna kaupa ungra bænda á sauðfjárbúum. Þannig má ljóst vera að þessi uppfærsla lánaflokksins hafi á tæpum tveimur árum stuðlað að því að 39 bújarðir, vítt og breytt um landið, hafi skipt um eigendur þar sem ungt fólk tekur við taumunum af þeim sem eldri eru.



Mynd 23. Lánasafn Byggðastofnunar til sauðfjárræktar m.v. 31.3.2022.

Dreifingu núverandi lána Byggðastofnunar til sauðfjárrækt má lesa eftir póstnúmerum úr mynd 23, en stærðir hringjanna eru í samræmi við heildarstöðu útlána til atvinnugreinarinnar í viðkomandi póstnúmeri. Heildarstaða lána Byggðastofnunar til sauðfjárrækt er rúmir 1,8 ma.kr. eins og áður segir. Mest er af lánnum í Dölunum, Húnavatnssýslunum og Skagafirði auk þess sem töluvert er af lánnum í Norðurþingi og nágrenni Egilsstaða. Nánast ekkert er af lánnum til sauðfjárræktar nú í lánsafni Byggðastofnunar á Suðurlandi.

Þróun í afkomu sauðfjárbúa síðastliðin 5 ár

Rekstur sauðfjárbúa hefur verið erfiður síðastliðin ár eftir skarpa lækkun afurðaverðs til bænda á árunum 2016-2017 sem nam um 40%. Undanfarinn áratug hafa afurðir á hverja vetrarfóðraða kind aukist mikið og var heildarframleiðslan sambærileg í magni árin 2011 og 2020 en með 14% færri ám. Það þýðir að ekki hafa orðið kostnaðarhækkningar á hvert framleitt kg.⁸ Á árunum 2014-2016 var, samkvæmt tölum frá RML, nokkur afgangur af meðalsauðfjárbúinu á Íslandi fyrir fjármagnsliði og afskriftir, sem þurrkast nær út árið 2017 vegna lækkaðs afurðaverðs og hefði endað í beinu tapi ef ekki hefði komið til verulegar hækkunar á opinberum framlögum það ár.⁹

Í mars 2022 gaf Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) út skýrsluna *Rekstur sauðfjárbúa 2018-2020. Betri gögn – bætt afkoma*. Skýrslan byggir á greiningu á rekstrar- og skýrsluhaldsgögnum 158 sauðfjárbúa sem framleiddu ríflega fimmta hluta alls dillakjöts á árinu 2020. Meðalbúið var með 492 kindur og framleiddi 22,6 kg. dillakjöts á hverja vetrarfóðraða kind.¹⁰

Fyrirvari er í skýrslu RML þar sem að þátttakendur voru í mörgum tilfellum með tekjur af öðru, svo sem vélavinnu, ferðaþjónustu og öðrum búskap. Þar segir að auðvelt sé að sundurgreina tekjur en að greining gjalda sé erfiðari og því þurfi að hlutfalla kostnað eftir hlutfalli sauðfjárrekstrar.¹¹

Tafla 5 byggir á gögnum úr afkomuvöktunarverkefni RML¹² sem sýnir meðalafkomu sauðfjárbúa 2014-2020 á framleitt kg, auk áætlaðrar afkomu fyrir árið 2021.¹³ Þar sést að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir er neikvæð frá og með árinu 2018, sem þýðir að meðalbúið stendur ekki undir fjárfestingu, hvort heldur sem er í vélum eða fasteignum, hvað þá heldur vaxtakostnaði eða afborgun af lánum. Óhjákvæmilega leiðir þetta til þess að reynt er að halda kostnaði niðri og leiðir að líkindum til þess að viðhaldi húsa og girðinga sé víða ábótavant, endurrækt túna í lágmarki og dregið hafi a.m.k. eitthvað úr áburðarkaupum. Slíkt gengur ekki til lengdar.

⁸ Jóhannes Sveinbjörnsson og Daði Már Kristófersson. (Landbúnaðarháskóli Íslands, 2021). Afkoma sauðfjárbænda og leiðir til að bæta hana.

⁹ Eyjólfur Ingvi Bjarnason og María Svanþrúður Jónsdóttir. (2019). Rekstur sauðfjárbúa 2014-2017. Bændablaðið 3.tbl.

¹⁰ Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins. (2022). Rekstur sauðfjárbúa 2018-2020.

¹¹ Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins. (2022). Rekstur sauðfjárbúa 2018-2020.

¹² Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins. Afkomuvöktunarverkefni. Móttekið í apríl 2022.

¹³ Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins. (2022). Rekstur sauðfjárbúa 2018-2020.

Tafla 5. Afkoma sauðfjárræktar 2014-2021.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal	Meðaltal
Afurðatekjur kr/kg	674	669	598	437	443	505	563	590
Opinberar greiðslur kr/kg	527	554	529	598	544	634	658	765
Aðkeypt fóður kr/kg	27	34	30	25	24	30	37	38
Áburður og sáðvörur kr/kg	191	189	169	130	125	151	164	180
Rekstur búvéla kr/kg	132	131	116	106	133	152	156	180
Rekstrarvörur kr/kg	106	90	91	93	89	95	104	108
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kg	113	109	108	110	115	123	133	144
Breytilegur kostnaður alls kr/kg	569	553	514	464	486	551	594	650
Framlegð kr/kg	632	670	613	571	501	588	627	705
Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt kr/kg	53%	55%	54%	55%	51%	52%	51%	52%
Viðhald eigna kr/kg	59	83	46	49	69	66	103	150
Annar rekstrarkostnaður kr/kg	205	198	193	201	206	228	230	235
Laun og launatengd gjöld kr/kg	264	289	302	304	292	309	312	335
Rekstrarniðurstaða f. fjármagnsl. og afsk. kr/kg	104	100	72	17	-66	-15	-18	-15
Afskriftir kr/kg	166	191	180	164	186	223	234	235
Fjármagnsliðir kr/kg	103	107	109	111	110	116	118	120
Rekstrarniðurstaða bús	-165	-198	-217	-258	-362	-354	-370	-370
Rekstrarniðurstaða bús % af tekjum:	-14%	-16%	-19%	-25%	-37%	-31%	-30%	-27%

Sömuleiðis er líklegt að launaliðurinn sé vanreiknaður eins og fram kemur í skýrslu RML „*Vitað er að á íslenskum sauðfjárbúum er nokkuð um vinnuframlag sem er óreiknuð vinna ... væri áhugavert að skoða þá stærð betur á íslenskum sauðfjárbúum ...*“¹⁴ Þessi niðurstaða sýnir jafnframt að til að ná endum saman þurfa að koma til tekjur úr öðrum rekstri. Þegar afskriftum og fjármagnsliðum er bætt við er rekstrartapið tæplega þriðjungur af tekjum.

Í skýrslu RML kemur einnig fram að framleiðslukostnaður á búum með 201-350 kindur er um fjórðungi hærrí en á búum sem eru með fleiri 600 kindur auk þess sem afurðameiri sauðfjárbúin hafa lægri framleiðslukostnað á hvert kíló dillakjöts. Skýrsluhöfundar benda á í þessu samhengi þyrfti að skoða nánar óreiknað vinnuframlag t.d. eftir bústærðum.¹⁵

¹⁴ Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins. (2022). Rekstur sauðfjárbúa 2018-2020, bls.11.

¹⁵ Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins. (2022). Rekstur sauðfjárbúa 2018-2020.

Horfur í þróun á afkomu á næstu 5 árum

Undanfarin tvö ár verða líklega með réttu kennd við Covid-19. Fréttir berast af því að í Kína séu enn samkomutakmarkanir vegna þeirra tilfella sem enn eru að greinast og óljóst hvenær takmarkanir verða afnumdar. Auk fjölda ótímabærra dauðsfalla vegna Covid-19 leiddi veiran einnig til röskunar á framleiðslu þannig að ójafnvægi skapaðist á milli framboðs og eftirspurnar í heiminum með tilheyrandi verðhækkunum. Þá hefur innrás rússa í Úkraínu leitt til enn meiri verðhækkana auk þess sem að öfgar í veðurfari hafa leitt til uppskerubrests. Af aðföngum landbúnaðarins má nefna að áburður hefur hækkað um 90-95% á milli ára, rúlluplast um 30-35%, olía um 40-45% og kjarnfóður um 30-35%.¹⁶ Ómögulegt er með öllu að spá fyrir um hvenær ofngreindar verðhækkningar muni ganga til baka og að hve miklu leyti. Gera verður samt sem áður ráð fyrir að jafnvægi náist að nýju milli framboðs og eftirspurnar. Það mun hins vegar taka einhvern tíma, að lágmarki tvö til þrjú ár.

Miðað við ofangreindar forsendur og uppreikning á helstu kostnaðarliðum, að teknu tilliti til rekstrartaps undanfarinna ára, er ljóst að forsendur sauðfjárbúskapar að óbreyttum afurðatekjum og opinberum greiðslur eru brostnar. Líklegt er að rekstrarniðurstaða meðalsauðfjárbúsins sem hlutfall af tekjum verði neikvæð um allt að 50% næstu tvö árin a.m.k. og að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir verði neikvæð um í kringum 25%. Það þýðir með öðrum orðum að afurðatekjur pr.kg þurfa að vera 900-1000 kr. á kg. að óbreyttum opinberum greiðslum til að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir verði jákvæð.

¹⁶ Trausti Hjálmarsson. (2022). Hækkun á framleiðslukostnaði matvæla án fordæma. Bændablaðið 9. tbl.

Samantekt

Þessi samantekt var gerð að beiðni innviðaráðuneytisins eins og fram kemur í inngangi. Sauðfjárrækt er víða undirstaða í byggð á dreifbýlum svæðum. Sérstaklega á það við þar sem önnur atvinnutækifæri eru takmörkuð. Fram kom í rannsókninni *Byggðafesta og búferlaflutningar: Sveitir og annað strjálbýli vorið 2020* að sauðfjárændur eru marktækt líklegri til að telja að lífsskilyrði í sveitum hafi versnað undanfarin ár, sömuleiðis sögðu þeir fjárhagsstöðu sína mun lakari í samanburði við aðra sem bjuggu í dreifbýli og voru svartsýnari á komandi ár en aðrir. Þrátt fyrir það voru þeir marktækt ólíklegri en aðrir bændur til að segjast ætla flytja á næstu árum.

Kynslóðaskipti í sauðfjárrækt á undanförnum fimm árum hafa verið fremur fátíð og er ríflega þriðjungur sauðfjárþénda með 300 fjár eða fleira kominn yfir sextugt. Stór hluti þeirra mun að líkindum bregða búi á næstu árum. Vegna rekstrarafkomu greinarinnar er óljóst að hversu miklu leyti sauðfjárþéningar mun halda áfram á þeim jörðum. Veruleg fækkun þénda á svæðum þar sem samdráttur hefur verið í sauðfjárrækt á undanförnum árum getur leitt til frekari fækkunar m.a. vegna þess að færri verða eftir til að sinna fjallskilum og leitum. Til að greiða fyrir kynslóðaskiptum setti Byggðastofnun upp sérstakan lánaflökk þar sem hægt er að fá allt að 90% lán. Lánveitingar Byggðastofnunar til sauðfjárþéna eru flestar á þeim svæðum sem sauðfjárrækt er einna mikilvægust að Suðurlandi undanskildu.

Rekstrarafkoma sauðfjárþéna undanfarin ár hefur verið neikvæð. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir hefur verið neikvæð frá árinu 2018. Það þýðir að meðalbúið stendur ekki undir neinni fjárfestingu, hvað þá heldur vaxtakostnaði eða afborgunum af lánum. Þetta leiðir af sér að væntanlega hafi dregið úr viðhaldi, endurræktun og áburðarkaupum. Slíkt getur ekki gengið til lengdar. Ofan á þetta kemur að vinnuliðurinn er líklega vanreiknaður þó gögn vanti til að styðja það.

Ekki er útlit fyrir að rekstur sauðfjárþéna batni á næstu 2-3 árum. Þannig hafa flest innflutt aðföng landbúnaðarins hækkað um tugi prósentu og áburðarverð nær tvöfaldast á undanförnum misserum. **Það þýðir, að óbreyttum tekjum, að forsendur sauðfjárþéna eru brostnar.** Það stefnir í að rekstrarniðurstaða meðalsauðfjárþéna sem hlutfall af tekjum verði neikvæð um allt að 50% og að rekstrarniðurstaðan fyrir fjármagnstekjur og afskriftir verði neikvæð um 25%.

Ef horft er til markmiða með samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar¹⁷ þar sem segir m.a.: „að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu, að treysta stoðir sauðfjárræktar í byggða- og atvinnulegu tilliti og að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.“

Ekkert þessara markmiða hefur náðst. Afkoma greinarinnar hefur versnað á undanförunum árum og ekki er útlit fyrir að sú staða batni í bráð, sem leiðir af sér að stoðir sauðfjárræktarinnar í byggða- og atvinnulegu tilliti hafa veikst og jafnframt að nýliðun er nær ómöguleg vegna afkomu greinarinnar.

Á vef Bændablaðsins skrifar Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur grein sem hún nefnir *Nagandi afkomuótti*..: „Þegar fólk mætir raunverulegum afkomuóttu, sér einfaldlega fram á að innkoman dugar ekki fyrir kostnaði og of lítið eða ekkert verður eftir fyrir heimilisfólkið til að lifa af, getur streita, kvíði og depurð orðið ríkjandi og kulnun og depurð leggst yfir hugann.“¹⁸

Gera má því ráð fyrir að margir sauðfjorbændur séu þessi misserin að hugsa sinn gang. Taprekstur ár eftir ár gengur ekki til lengdar, hvorki í þessari atvinnugrein eða öðrum. Lykilákvörðun sauðfjorbænda á hverju ári liggur í áburðarkaupum. Ákvörðunin fyrir næsta framleiðsluár hefur því þegar verið tekin í flestum tilfellum. Ef ekkert verður að gert og engar breytingar verða til batnaðar á rekstri sauðfjorbúa er eina rökrétta niðurstaðan að bregða búi og hætta sauðfjórframleiðslu.

Eins og áður segir þá þurfa tekjur sauðfjorbúa að aukast með hækkandi afurðaverði og opinberum greiðslum ef ná á endum saman. Jafnframt þurfa lánastofnanir í einhverjum tilfellum að skuldbreyta lánum en ekki verður séð að sauðfjorbændum verði neinn greiði gerður með því að lána þeim fyrir taprekstrinum þegar búin standa ekki undir rekstrarkostnaði, hvað þá afborgunum og vöxtum af núverandi lánum.

Miðað við stöðu mála er líklegt að einhverjir sauðfjorbændur muni hætta búskap haustið 2022. Sömuleiðis er líklegt er að einhverjir sauðfjorbændur hafi vegna verðhækkana dregið saman í áburðarkaupum sem þýðir minni heyfeng og að haustásetningur verði samræmi við það. Þeir sauðfjorbændur sem halda áfram munu gera það í þeirri von að rekstraraðstæður batni. Gerist það ekki má búast við því að fjölmargir sauðfjorbændur hætta búskap haustið

¹⁷ Matvælaráðuneyti, vefur. Búvörusamningar.

¹⁸ Kristín Linda Jónsdóttir. (2022) Nagandi afkomuótti. Bændablaðið 9.tbl.

2023. Það mun hafa veruleg byggðaleg áhrif á viðkvæmum svæðum sem hafa átt undir högg að sækja. Þar er hægt að nefna Reykhólahrepp, Dali, Strandir, Húnavatnssýslur og Norðausturhornið. Það að einhverjir sauðfjárbændur hætti getur haft margfeldisáhrif á ákveðnum svæðum þar sem leitir og önnur sameiginleg verkefni sauðfjárbænda verða þeim sem eftir sitja ofviða.

Á svæðum þar sem að sauðfjárrækt er hvað mikilvægust er oft um takmarkaða aðra atvinnumöguleikar að ræða. Komi til fólksfækkunar á þessum helstu sauðfjárræktarsvæðum hefur það ýmis neikvæð byggðaleg áhrif. Börnum fækkar í grunn- og leikskólum og meiri hætta verður á félagslegri einangrun. Enn fremur getur það verið öryggismál fyrir vegfarendur að byggð fari ekki í eyði eða verði of gisin í stóru landi eins og Íslandi þar sem allra veðra er von jafnt að sumir sem vetri. Þetta gæti skipt enn meira máli eftir að ferðapjónustan fór að vaxa og ætla má erfiðaðra verði að halda úti ferðapjónustu ef byggð verður of gisin. Fasteignaverð lækkar, samdráttur verður í verslun og annarri þjónustu sem getur leitt af sér að íbúar þurfi að sækja hana um lengri veg.

Hugsanlegar mótvægisáðgerðir

Í skýrslunni „Afkoma sauðfjárbænda á Íslandi¹⁹ og leiðir til að bæta hana“, sem unnin var af Jóhannes Sveinbjörnssyni og Daða Mára Kristóferssyni fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, voru settar fram hugmyndir um tækifæri íslenskra sauðfjárbænda til bættrar afkomu. Þar var m.a. lagt til að leitað verði leiða til að draga úr framleiðslukostnaði og bent á að verulegur munur sé á breytilegum kostnaði í framlegðargreiningum RML. Þeir benda einnig á leiðir til að ná hærra afurðaverði til bænda þ.e. með fækkun sláturhúsa og hagræðingu rekstri þeirra og leita leiða til að ná niður kostnaði í birgðahaldi. Líklegt er að þetta gæti skilað einhverju til lengri tíma litið en við núverandi aðstæður þar sem að aðföng hafa hækkað um tugi prósent og áburðarverð tvöfaldast verður þetta varla til bjargar. Samt sem áður er áfram mikilvægt að halda áfram að skoða þessa þætti jafnframt því að vinna áfram að vöruþróun til að mæta auknum kröfum neytenda og breyttum neysluháttum.

Líta verður á núverandi ástand sem tímabundið og að það muni ganga yfir þegar að framboð og eftirspurn á heimsmarkaði hafa jafnað sig eftir COVID-19 og þegar að friður kemst á í Úkraínu. Við vinnu þessarar samantektar var haft í huga hvað væri til ráða til að bregðast við þeim forsendubresti sem orðinn er í sauðfjárrækt á Íslandi.

Til að hægt sé að halda sauðfjábúskapi áfram á Íslandi þurfa tekjur í greininni að hækka a.m.k. í samræmi við kostnaðarhækkunir. Það verður annað hvort gert með hækkun á skilaverði afurðastöðva til bænda og þar af leiðandi hækkandi útsöluverði sauðfjárafurða eða með auknum opinberum stuðningi. Hætt er við að veruleg hækkun á útsöluverði gæti leitt til samdráttar í sölu vegna verri samkeppnisskilyrða, sem myndi einungis auka á þann vanda sem greinin er þegar í. Víða erlendis hefur verið farin sú leið að greiða beina styrki til bænda og til smárra og meðalstórra fyrirtækja í matvælaframleiðslu til að mæta kostnaðarhækkunum og tryggja matvælaöryggi.

Aðstoða þarf bændur til að fara út í aðra starfsemi á jörðum sínum t.d. með kolefnisbindingu í gegnum skógrækt og landgræðslu, ferðaþjónustu eða aðra starfsemi eftir því sem hentar á hverjum stað. Aðstoðin gæti m.a. verið fólgin í því að sauðfjárbændur sem hætta framleiðslu geri samning við ríkið um að halda ríkisstyrkjum í ákveðinn tíma á meðan verið væri að byggja aðra starfsemi upp á jörðinni.

¹⁹ Jóhannes Sveinbjörnsson og Daði Már Kristófersson. (Landbúnaðarháskóli Íslands, 2021). Afkoma sauðfjárbænda og leiðir til að bæta hana.

Lánastofnanir þurfa að kanna þörf á endurfjármögnun hjá viðskiptavinum sínum og koma til móts við þá eftir föngum. Hér verður að ítreka það sem áður hefur komið fram að ekki verður séð að auknar lánveitingar til aðila í taprekstri, þar sem reksturinn stendur ekki undir núverandi skuldbindingum og framtíðarhorfur eru slæmar, leysi neinn vanda.

Huga þarf vel að velferð bænda og fjölskyldna þeirra við þessar aðstæður. Ekki leikur vafi á því að það mun leggjast þungt á bændur að hafa ekki afkomu af búrekstri sínum og geta ekki staðið við skuldbindingar sínar þar sem heimili þeirra eru oftast en ekki að veði. Gera þarf RML kleift að veita bændum enn frekari stuðning og rekstrarráðgjöf í þessu erfiða árferði. Jafnframt mættu stjórnvöld í samráði við Bændasamtök Íslands sjá til þess að bændum standi til boða viðeigandi sálfræðilegur stuðningur.

Heimildaskrá:

Arnar Már Elíasson. (2022). Gögn um lánastarfsemi Byggðastofnunar.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason og María Svanþrúður Jónsdóttir. (2019). Rekstur sauðfjárbúa 2014-2017. Bændablaðið 3.tbl.

Jóhannes Sveinbjörnsson og Daði Már Kristófersson. (Landbúnaðarháskóli Íslands, 2021). Afkoma sauðfjárbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana. Skýrsla unnin fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Landbúnaðarháskóli Íslands.

Kristín Linda Jónsdóttir. (2022) Nagandi afkomuótti. Bændablaðið 9.tbl.

Matvælaráðuneytið, vefur. [Búvörusamningar](#).

Matvælaráðuneyti, gögn um ásetning haustin 2017 og 2021, móttekið í maí 2022.

Matvælaráðuneyti, kortasjá landbúnaðarins.

Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins, afkomuvöktunarverkefni, gögn móttakin í apríl 2022.

Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins. Rekstur sauðfjárbúa 2018-2020.

Sigurður Árnason. (Byggðastofnun, 2022). Samantekt um mögulega nýliðun í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu.

Trausti Hjálmarsson. (2022). Hækkun á framleiðslukostnaði matvæla án fordæma. Bændablaðið 9. tbl.

Porkell Stefánsson, Alfa Dröfn Jóhannesdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Þóroddur Bjarnason. (Byggðastofnun, 2021). Byggðafesta og búferlaflutningar: Sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020.